

Mál nr. 361/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og B

Árekstur á einbreiðri brú við Tungufljót 08.08. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 15.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið á móti hvort annarri. Áreksturinn varð á umræddri brú.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna.

M telur m.a. að ökumaður B hefði átt að geta komið í veg fyrir áreksturinn með því að “bremsa fyrir”. Hann gagnrýnir og athugasemdir ökumanns B við skýrslu lögreglu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að ökumaður A hafi komið síðar að brúnni og því átt að víkja fyrir B. Þessa gætti ökumaðurinn ekki og ber því ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.